

Nd.

27. Frumvarp til laga

[27. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Flm.: Jónas Árnason.

1. gr.

Aftan við síðari málslið 20. gr. laganna bætist: né heldur haglabyssur sem taka fleiri en tvö skothylki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir rúmum 20 árum gerðust Íslendingar aðilar að **Alþjóðasamþykkt um verndun fugla.**

Þegar samþykkt þessi er borin saman við lög nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun, sést, að við gerð þeirra laga hefur í stórum dráttum verið höfð hliðsjón af samþykktinni. Þó er eitt atriði, sem ekki hefur komist inn í fuglafriðunarlögin, og það er e-liður í 5. grein samþykktarinnar, þar sem aðilar skuldbinda sig til að banna haglabyssur, sem taka fleiri en tvö skothylki, — marghlaðnar eða sjálfhlaðnar byssur. Notkun slíkra vopna hefur farið mjög í vöxt hér á landi undanfarin ár, bæði við rjúpna- og gæsaveiðar. Eru þau einkum í höndum viðvaninga, sem bæta sér upp takmarkaða skotfimi með því að skjóta öllum skotunum í einu á rjúpna- og gæsaþópa í von um að eitthvað liggi dautt eftir þegar hópurinn tekur flugið, og má geta nærri að margur fuglinn flýgur alvarlega særður frá slíkri hrið.

Að sögn kunnugra hafa öll nágrannalönd okkar bannað þessi skotvopn. Með frumvarpi þessu er lagt til að við Íslendingar gerum slíkt hið sama.

(Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, — og fylgdi því ofanskráð grg. Frv. fór í nefnd; kom þaðan ekki aftur.)